



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Ársskýrsla
Fjármálaeftirlitsins

2020

Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins 2020

Útgefandi:

Seðlabanki Íslands

Kalkofnsvegi 1

101 Reykjavík

Sími: 569 9600

Hönnun & umbrot: Seðlabanki Íslands

Ljósmynd: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Efnisyfirlit

Efni ársskýrslunnar	4
Ávarp forstjóra	5
I. Starfsemi Fjármálaeftirlitsins	7
1. Eftirlitsstarfsemi	8
Eftirlit með fjármálafyrirtækjum	8
Fjármálafyrirtæki, rafeyrissjóðum, greiðslustofnanir o.fl.	8
Könnunar- og matsferli	8
Reglubundið eftirlit	8
Endurbótaáætlanir og sértryggð skuldabréf	8
Erlend samskipti	8
Eftirlit með váttryggingastarfsemi	9
Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar	9
Eftirlit með verðbréfamarkaði	10
Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, verðbréfasjóðum, fjárfestingarsjóðum og fagfjárfestasjóðum	11
Eftirlit með viðskiptaháttum	12
Greining kerfisáhættu og þjóðhagsvarúð	12
Kerfisáhætta	12
Eiginfjáraukar	12
Alþjóðasamstarf	13
Vettvangsathuganir	13
Hæfismat virkir eignarhlutir og leyfisveitingar	14
Hæfismat stjórnarmanna og framkvæmdastjóra	14
Virkir eignarhlutir	14
Starfsleyfi, skráningar, samrunar og skiptingar og afturköllun starfsleyfa	14
Skoðun á mögulegri starfsemi án leyfis	15
Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka	15
Tilkynningarskyldir aðilar	15
Eftirlit og vettvangsathuganir	15
Áhættumat tilkynningarskyldra aðila	15
Fræðsla	15
2. Viðurlagamál	17
Málum sem lauk með viðurlögum á árinu	17
Stjórnvaldssektarmál fyrir dómstólum	17
3. Breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar	18
Lagabreytingar á árinu 2019	18
Setning reglna og útgáfa leiðbeinandi tilmæla á starfsárinu	18
Aðkoma Fjármálaeftirlitsins að innleiðingu Evrópugerða	18
4. Mannauður	20
II. Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins	21
Fjöldi aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins	22
Starfsemi erlendra aðila á Íslandi	23

Efni ársskýrslunnar

Í þessari síðustu ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins áður en stofnunin sameinaðist Seðlabanka Íslands er fjallað um það sem hæst bar í starfsemi Fjármálaeftirlitsins á tímabilinu 1. maí til 31. desember 2019. Sagt er frá eftirliti með fjármálafyrirtækjum, váttryggingastarfsemi, lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar, verðbréfamarkaðinum og rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Þá er þar einnig fjallað um hæfismat, leyfisveitingar,

greiningu á kerfisáhættu og beitingu þjóðhagsvarúðartækja og eftirlit með aðgerðum til varnar peningþvætti og alþjóðasamstarf Fjármálaeftirlitsins. Þá er hér einnig umfjöllun um beitingu viðurlaga á tímabilinu, farið yfir þær breytingar sem urðu á réttarheimildum fjármálamarkaðar á þessu starfsári og sagt frá innviðum stofnunarinnar.

Ávarp forstjóra Fjármálaeftirlitsins¹

Árið 2019 var tuttugasta starfsár Fjármálaeftirlitsins og jafnframt síðasta ár þess sem sjálfstæðrar stofnunar með alhliða eftirlit með fjármálaþjónustu á Íslandi. Hinn 1. janúar 2020 var Fjármálaeftirlitið sameinað Seðlabanka Íslands undir nafni þess síðarnefnda. Heitið Fjármálaeftirlitið er enn til í lögum og nær utan um þá starfsemi Seðlabanka Íslands sem snýr að eftirliti með fjármálastarfsemi. Er það m.a. gert svo eftirlitsskyldir aðilar geti auðveldlega greint á milli hvenær þeir eiga í samskiptum við Seðlabanka Íslands sem eftirlitsaðila og hvenær ekki.

Samhliða þessum breytingum voru gerðar breytingar á stjórnskipulagi Seðlabankans en varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits leiðir nú málefni bankans vegna eftirlits með fjármálastarfsemi auk þess sem ný fjölskipuð nefnd, fjármálaeftirlitsnefnd, tekur ákvarðanir sem faldar eru Fjármálaeftirlitinu í lögum. Verkefni Fjármálaeftirlitsins eru eftir sem áður öll þau sömu og að því leyti breytist kjarnastarfsemi Fjármálaeftirlitsins lítið sem ekkert við sameiningu stofnananna. Starfsemi sem snýr að almennum rekstri og rekstri upplýsingateknikerfa, auk greiningar á kerfisáhættu og áhættumats vegna fjármálastöðugleika, sem áður var sinnt í báðum stofnunum, tekur hins vegar nokkrum breytingum. Unnið er að því að samþætta starfsemi stofnananna þannig að ná megi fram þeim samlegðaráhrifum sem stefnt var að.

Hér birtist síðasta ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins sem tíundar helstu verkefni og niðurstöður eftirlitsstarfseminnar frá maí til ársloka 2019. Ekki var haldinn opinber ársfundur á árinu 2020 en þessi skýrsla er skrifuð og birt til að tryggja samfellu í upp-

lýsingagjöf eftirlitsins. Eftirleiðis verður gerð grein fyrir starfsemi Fjármálaeftirlitsins í ársskýrslu Seðlabanka Íslands.

Íslenskur fjármálamarkaður breytist hægt og bitandi þessi misserin. Sjálfvirkni eykst og starfsmönnum fækkar hjá eftirlitsskyldum aðilum. Virkir eignarhlutir í nokkrum fjölda minni fyrirtækja hafa verið seldir til erlendra aðila. Þjónustuframboð breytist með nýjum fyrirtækjum á fjármálamarkaði sem fá starfsleyfi eða eru skráð hjá Fjármálaeftirlitinu. Einkum má sjá breytingar í greiðslumiðlun.

Hæfi yfir 100 stjórnarmanna er metið af eftirlitinu á ári hverju. Þá eru um 24 lýsingar staðfestar á ári. Verðbréfa-markaðurinn er sífellt vaktadur. Á síðustu átta mánuðum ársins 2019 voru 25 mál, þar sem grunur hafði vaknað um brot gegn verðbréfavíðskiptalöggjöfinni, tekin til athugunar. Engu þeirra lauk með stjórnvaldssekt.

Lögð var áhersla á eftirlit með aðgerðum fyrirtækja á fjármálamarkaði gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Með nýrri löggjöf um rekstraraðila sérhæfðra sjóða mun eftirlit með starfsemi sem áður nefndist fagfjárfestasjóðir aukast.

Þegar skýrsla þessi lítur dagsins ljós hafa aðstæður markast mjög af COVID-19 áfallinu þótt enn séu ekki öll kurl komin til grafar. Ný löggjöf og framkvæmd sem hefur styrkt viðnámsþrótt lánastofnana og váttryggingafélaga hefur sannað gildi sitt. Óvissa ríkir um hvenær krísunni lýkur og hversu mikil áhrif hún hefur á fjármálamarkaðinn og samfélagið almennt. Ljóst er að þessi staða hefur skerpt á hlutverki fyrirtækja á fjármálamarkaði sem eininga tengdra almannahagsmunum.



¹ Unnur Gunnarsdóttir tók við starfi varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits við sameiningu Seðlabankans Íslands og Fjármálaeftirlitsins í ársbyrjun 2020.

Hlutverk Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið starfaði á árinu 2019 í samræmi við lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Stofnunin er fjármögnuð af eftirlitsskyldum aðilum í samræmi við lög nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Hlutverk Fjármálaeftirlitsins er að fylgjast með og fylgja eftir að eftirlitsskyldir aðilar starfi samkvæmt lögum og reglum og að starfsemi þeirra sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Jafnframt er það hlutverk stofnunarinnar að fylgjast með og fylgja eftir að viðskipti fyrirtækja og einstaklinga á markaði séu í samræmi við lög og reglur. Markmið eftirlits með fjármálastarfsemi er að stuðla að traustum og öruggum fjármálamarkaði og draga úr líkum á að starfsemi eftirlitsskyldra aðila og viðskipti á markaði leiði til tjóns fyrir almenning. Heilbrigður og traustur rekstur fyrirtækja á fjármálamarkaði er þó ávallt á ábyrgð stjórnenda hlutaðeigandi fyrirtækis.

Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins

Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins í árslok 2019 voru: Unnur Gunnarsdóttir forstjóri, Jón Þór Sturluson aðstoðarforstjóri, Anna Mjöll Karlsdóttir yfirlögfræðingur, Finnur Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri banka, Rúnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri lífeyris og váttrygginga, Páll Friðriksson, framkvæmdastjóri markaða og viðskiptahátta og Björk Sigurgísladóttir, framkvæmdastjóri lagalegs eftirlits og vettvangsathugana. Guðmar Guðmundsson stýrði fjármálum og rekstri, Árni Ragnar Stefánsson mannauði og Bjarni Þór Gíslason upplýsingatækni.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins

Í stjórn Fjármálaeftirlitsins, sem var óbreytt frá árinu á undan, sátu eftirfarandi í árslok 2019: Ásta Þórarinsdóttir hagfræðingur, formaður, Guðrún Þorleifsdóttir skrifstofustjóri, varaformaður og Arnór Sighvatsson, fyrrverandi aðstoðarseðlabankastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Varamenn voru: Friðrik Ársæls-son lögmaður, Guðrún Ögmundsdóttir, forstöðumaður í Seðlabanka Íslands, tilnefnd af Seðlabanka Íslands og Andri Fannar Bergþórsson, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins fundaði 7 sinnum á tímabilinu.

Lög um Seðlabanka Íslands

Lög nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands voru samþykkt hinn 20. júní 2019. Með lögnum voru Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands sameinuð og öll verkefni Fjármálaeftirlitsins flutt til Seðlabanka Íslands. Voru því bæði varúðareftirlit og viðskiptaháttaeftirlit sameinuð Seðlabankanum en talið var að þannig yrði best náð fram þeim kostum sem fylgja nánd fjármálaeftirlits, fjármálastöðugleika og peningastefnu. Með lögnum er stjórnkerfi Seðlabankans breytt m.a. á þann hátt að þrjár nefndir taka ákvarðanir um beitingu valdheimilda Seðlabankans varðandi peningastefnu og fjármálastöðugleika og á sviði fjármálaeftirlits. Markmið sameiningarinnar er að auka skilvirkni og skýrleika ábyrgðar og bæta stjórnsýslu við ákvarðanatöku, nýtingu upplýsinga og möguleika á auknum gæðum greiningar og yfirsýnar. Samkvæmt lögnum er markmið Seðlabankans að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi.

I. Starfsemi Fjármálaeftirlitsins

I Eftirlitsstarfsemi

Eftirlit með fjármálafyrirtækjum

Fjármálafyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, greiðslustofnanir o.fl.

Til fjármálafyrirtækja teljast viðskiptabankar (fjórir starfandi í árslok 2019), sparisjóðir (fjórir), lánaþingir (fjögur), verðbréfafyrirtæki (níu) og rekstrarfélög verðbréfasjóða (níu). Eftirlit með Íbúðalánasjóði hefur verið náteengt eftirliti með fjármálafyrirtækjum. Sú breyting varð á árinu að Íbúðalánasjóður var lagður niður í árslok. Hluti af starfsemi hans var sameinaður Mannvirkjastofnun undir nafninu Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Annar hluti af starfseminni varð eftir í ÍL-sjóði sem vistaður er í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Hvorugur þessara nýju aðila er eftirlitsskyldur.

Eftirlit með rafeyrisfyrirtækjum og greiðslustofnunum er einnig náteengt eftirliti með fjármálafyrirtækjum. Fyrsta íslenska rafeyrisfyrirtækið, Monerium EMI ehf., fékk starfsleyfi í júní 2019. Félagið nýtir bálkakeðjur (e. blockchain) í starfsemi sinni og er frumkvöðull að því leyti. Á árinu sótti Valitor hf. um að breyta starfsleyfi sínu úr lánaþingi í greiðslustofnun. Það var samþykkt og var nýja starfsleyfið gefið út í janúar 2020. Þar með fjölgaði greiðslustofnunum í tvær.

Í nóvember 2019 greindu sparisjóðirnir frá því að innlendum samstarfsaðili þeirra um erlenda greiðslumiðlun gæti ekki lengur veitt þessa þjónustu vegna krafna erlendis frá. Því gætu sparisjóðirnir ekki lengur veitt viðskiptavinum sínum þessa þjónustu.

Könnunar- og matsferli

Eftirlit með fjármálafyrirtækjum var í meginatriðum með hefðbundnum hætti 2019. Þar bar hæst könnunar- og matsferli (SREP-ferli) sem er framkvæmt árlega í samfelldu ferli vegna kerfislega mikilvægu viðskiptabankanna Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf. Niðurstöður úr ferlinu voru birtar opinberlega í byrjun október 2019. Jafnframt var farið yfir þær með stjórnun bankanna.

Í könnunar- og matsferlinu leggur Fjármálaeftirlitið mat á þá áhættuþætti sem felast í starfsemi banka og með hvaða hætti þeir meðhöndla þá áhættuþætti. Ferlið felur jafnframt í sér að Fjármálaeftirlitið leggur mat á og ákveður fjárhæð og samsetningu þess viðbótareiginfjár sem nauðsynlegt er vegna áhættu sem viðkomandi banki stendur frammi fyrir eða gæti staðið frammi fyrir til viðbótar við lágmarkskröfur um eigið fé undir stoð I.

Hluti af framkvæmd könnunar- og matsferlis er yfirferð á skýrslum viðkomandi banka um eigið mat þeirra á eiginfjárbörf vegna áhættu í starfseminni (ICAAP-ferli banka). Tilgangur ICAAP-ferlis er að tryggja að viðkomandi banki greini, leggi mat á og fylgist með áhættum í starfseminni, sé með nægilegt eigið fé í samræmi við áhættustefnu bankans og beiti traustri áhættustýringu. Í könnunar- og matsferlinu er meðal annars lagt mat á hversu áreiðanleg aðferðafræði og niðurstaða ICAAP-ferlis bankanna þykir. Í tengslum við könnunar- og matsferlið

voru gerðar ýmsar athuganir, með sérstökum gagnafyrirspurnum, til að meta stöðu áhættuþátta hjá bönkunum.

Hjá minni fjármálafyrirtækjum er könnunar- og matsferli framkvæmt sjaldnar en hjá kerfislega mikilvægu bönkunum þremur. Er þetta í samræmi við það grundvallarsjónarmið í áhættumiðuðu eftirliti að viðhafa umfangsmeira eftirlit með fyrirtækjum sem geta stofnað fjármálastöðugleika í hættu eða valdið stórum hópi viðskiptavina alvarlegum óþægindum eða tjóni. Hjá minni fjármálafyrirtækjum er könnunar- og matsferli framkvæmt þriðja hvert ár nema breytingar á aðstæðum kalli á aukna tíðni. Þess á milli er framkvæmt umfangsminna árlegt áhættumat.

Reglubundið eftirlit

Mikilvægur hluti eftirlits með fjármálafyrirtækjum er yfirferð á reglulegum gagnaskilum og samskipti í framhaldi af því, ýmist árleg, hálfársleg eða ársfjórðungsleg. Áfram er unnið markvisst að því að auka skilvirkni í þessum hluta eftirlitsins, einkum með rafrænum gagnaskilum, sjálfvirkum útreikningum á fjárhagslegum lykilmælikvörðum og áhættuvísnum með fyrirfram skilgreindum viðvörunarvirkmörkum.

Samfara innleiðingu á áhættumiðuðu eftirliti hefur verið lögð aukin áhersla á að eiga samtal við stjórnendur og eftirlitseiningar kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja. Viðtöl hafa verið tekin við stjórnarmenn, forstjóra, framkvæmdastjóra og innri endurskoðendur. Einnig á Fjármálaeftirlitið árlega tvo reglulega fundi með ytri endurskoðendum stærri fjármálafyrirtækja.

Endurbótaáætlanir og sértryggð skuldabréf

Kerfislega mikilvægu bankarnir skiluðu í annað sinn viðbúnaðaráætlunum (e. recovery plan) á árinu 2019. Kröfur um slík skil voru innleiddar í íslensk lög árið 2017 í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins 2014/59/ESB um viðbúnaðar- og skilameðferð fjármálafyrirtækja (e. Bank Recovery and Resolution Directive) sem tók gildi í Evrópusambandinu í ársbyrjun 2015. Síðari hluti þessarar tilskipunar var innleiddur með lögum um skilameðferð lánaþingir og verðbréfafyrirtækja nr. 70/2020. Sá hluti inniheldur meðal annars ákvæði um stofnun skilavalds (e. resolution authority) og lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (e.MREL).

Að venju voru afgreiddar nokkrar umsóknir um stækkun á heimild til útgáfu sértryggðra skuldabréfa á síðasta ári hjá kerfislega mikilvægu bönkunum.

Erlend samskipti

Kröfur til og eftirlit með innlendum fjármálafyrirtækjum, einkum bönkunum, byggist að nokkru leyti á alþjóðlegum reglum sem verða til á vettvangi Basel-nefndar um bankaftirlit í Basel í Sviss (e. Basel Committee on Banking Supervision) sem starfar í nánnum tengslum við Alþjóðlega greiðslubankann (e. Bank for International Settlements, BIS). Efni þessara reglna er innleitt

innan Evrópusambandsins með tilskipunum og reglugerðum auk þess sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (e. European Banking Authority, EBA) gefur út viðmiðunarreglur og tækni- staðla með frekari útfærslum. Vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og EBA eru þessar reglur einnig innleiddar hér á landi.

Basel-nefndin gefur m.a. út staðla um eigið fé banka. Sá fyrsti var gefinn út 1988 og lokahluti þess þriðja (Basel III) í árslok 2019. Hann tekur gildi í áföngum á næstu árum. Í staðlinum er ákvæði um að virði fasteignaveðs geti aldrei orðið hærra á lánstímanum en það var þegar lánið var veitt (það getur hins vegar lækkað). Í tilviki dæmigerðra verðtryggðra lána á Íslandi myndi þetta þýða að veðsetningarhlutfallið myndi hækka sjálfkrafa framan af lánstímanum og þar með krafa um eigið fé banka á móti láninu. Fjármálaeftirlitið benti bæði sérfræðingahópi á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og EBA á sérstöðu Íslands og þær afleiðingar sem breyting af þessu tagi gæti haft hér á landi og hvatti til þess að útfærslan á þessu ákvæði yrði sveigjanlegri en er í Basel III staðlinum. Góðar vonir standa til að þetta verði raunin.

Eftirlit með váttryggingastarfsemi

Reglubundið eftirlit með váttryggingafélögum var í samræmi við grunneftirlitslíkan Fjármálaeftirlitsins sem skilgreinir með hvaða tíðni helstu áhættuþættir í rekstri félaganna eru teknir til athugunar. Farið var yfir eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) váttryggingafélaganna auk þess sem tekin voru viðtöl við tiltekna lykilstarfsmenn félaganna.

Fjármálaeftirlitið tók til athugunar aðferðafræði, forsendur og útreikning váttryggingafélaga á tapgleypni frestaðra skatta sem kemur til frádráttar á gjaldþolskröfu að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Ábendingum var komið á framfæri til félaganna í kjölfar athugunarinnar sem m.a. taka mið af væntanlegum breytingum á regluverkinu þar sem gerðar eru ítarlegri kröfur fyrir notkun tapgleypni frestaðra skatta í gjaldþolsútreikningum.

Váttryggingafélög skulu birta opinberlega skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu (e. SFCR) og jafnframt skila til Fjármálaeftirlitsins reglubundinni eftirlitsskýrslu (e. RSR). Framan- greind upplýsingagjöf eru hluti af samræmdum gagnaskilum og opinberri upplýsingagjöf samkvæmt þriðju stoð í Solvency II regluverkinu. Á liðnu ári tók Fjármálaeftirlitið sérstaklega fyrir afmarkaða kafla skýrslanna til skoðunar og veitti váttryggingafélögum endurgjöf.

Á síðari hluta ársins 2019 flutti Trygging hf. (nú TM trygging hf.) váttryggingastofn sinn til Íslenskrar endurtryggingar hf. Færslan var liður í undirbúningi breytinga á samstæðu TM og kaupum TM á Lykli fjármögnun sem gengu í gegn í upphafi ársins 2020.

Á árinu voru samþykkt ný lög um dreifingu váttrygginga, nr. 62/2019, sem tóku gildi 1. ágúst 2019. Á sama tíma féllu úr gildi lög nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga. Helstu nýmæli laganna snúa að gildissviði, ítarlegri upplýsingagjöf dreifingar- aðila til neytenda, strangari kröfum en áður um hæfi og hæfni

æðstu stjórnenda og ríkari kröfur eru gerðar til dreifingar váttryggingatengdra fjárfestingarafurða. Það felur í sér að sérstakar kröfur eru nú gerðar varðandi vörustýringu og vöruþróun. Fjármálaeftirlitið hélt kynningu fyrir váttryggingafélögin, váttryggingaumboðsmenn og váttryggingamiðlara á nýju lögnum 29. október 2019 þar sem farið var yfir helstu breytingar.

Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar

Reglubundið eftirlit með lífeyrissjóðum var í samræmi við grunneftirlitslíkan Fjármálaeftirlitsins sem skilgreinir með hvaða tíðni helstu áhættuþættir í rekstri sjóðanna eru teknir til athugunar. Farið var yfir eigið áhættumat sjóðanna auk þess sem tekin voru viðtöl við tiltekna lykilstarfsmenn. Unnið var að nokkrum innri verkefnum Fjármálaeftirlitsins vegna eftirlits með lífeyrissjóðum svo sem ítarlegri útfærslu á áhættumiðuðu eftirliti með smærri sjóðum í samræmi við fyrrnefnt eftirlitslíkan.

Fjármálaeftirlitið skoðaði fjárfestingarferli lífeyrissjóða. Áhersla var lögð á að skoða hvernig ákvörðun og eftirfylgni væri háttad og hvort lífeyrissjóðir hefðu skjalfest fjárfestingarferli sitt með viðunandi hætti fyrir sérhæfðar fjárfestingar. Skoðað var hvernig aðkomu og eftirliti stjórnar, fjárfestingaráðs og áhættustýringar að fjárfestingarferlinu væri háttad, meðal annars með úrtaki.

Fjármálaeftirlitið kannaði aðferðir nokkurra lífeyrissjóða við mat á tapsáhættu útlána og skuldabréfa, sem metin eru með aðferð afskrifaðs kostnaðarverðs samkvæmt reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Ennfremur kannaði það setningu og framfylgd skriflegra áætlana, stefna og verklagsreglna, sem áskilið er að lífeyrissjóður setji sér, þegar ásetningur er að halda skuldabréfum til gjalddaga í stað þess að bókfæra þau miðað við gangverð.

Í reglum um ársreikninga lífeyrissjóða eru gerðar ítarlegar kröfur um skýringar á bæði beinum og óbeinum fjárfestingargjöldum lífeyrissjóða. Á nýliðnu ári tók Fjármálaeftirlitið framsetningu og útreikning á fjárfestingargjöldum í ársreikningi nokkurra lífeyrissjóða til skoðunar. Markmiðið var að greina þær aðferðir sem lífeyrissjóðir nota við útreikning á beinum og óbeinum kostnaði.

Aukinn áhugi hefur vaknað meðal stofnanafjórfaða og almennings um ábyrgar fjárfestingar og innleiðingu sjónarmiða um umhverfis- og félagslega þætti ásamt bættum stjórnaháttum (UFS) við fjárfestingaákvörðanir. Fjármálaeftirlitið hefur unnið að fyllri athugun á þessu sviði einkum í ljósi ákvæðis laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda um siðferðileg viðmið við fjárfestingar. Skoðað hefur verið meðal annars hvort tilefni sé til að gera tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum er lúta að þessum þáttum í starfsemi lífeyrissjóða. Í þeirri vinnu var horft til tilskipunar ESB um starfstengda lífeyrissjóði (EU 2016/2341). Að auki hélt Fjármálaeftirlitið vel sóttan morgunfund um ábyrgar fjárfestingar 24. október 2019 með innlendum og erlendum fyrirlesurum.

Ráðist var í greiningu á eignum lífeyrissjóðanna og líklegri þróun þeirra til næstu ára ásamt fjárfestingaþörf og áætluðu framboði fjárfestingakosta á innlendum markaði. Unnið var að úttekt á beinu eignarhaldi lífeyrissjóðanna í fyrirtækjum og óbeinu í gegnum samlagsfélög. Samtímis var virkni lífeyrissjóða á verðbréfa- og gjaldeyrismarkaði kortlögð.

Að gefnu tilefni taldi Fjármálaeftirlitið rétt að árétta þær kröfur sem gerðar eru til starfsemi lífeyrissjóða í kjölfar afturköllunar hagsmunasamtaka á umboði einstakra stjórnarmanna. Í framhaldi var sent dreifibréf til stjórnna allra lífeyrissjóða þar sem þeir voru hvattir til að taka samþykktir sínar til skoðunar með það að leiðarljósi að skýra hvort og þá við hvaða aðstæður sé mögulegt að afturkalla umboð stjórnarmanna sem kjörnir/tilnefndir hafa verið.

Eftirlit með verðbréfamarkaði

Á tímabilinu 1. maí til 31. desember 2019 tók Fjármálaeftirlitið til athugunar 25 mál vegna meintra brota á löggjöf sem varða verðbréfamarkað. Í einu tilfelli var um að ræða mögulegt brot gegn þagnarskyldu á grundvelli 8. gr. laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa nr. 131/1997 (revl.). Önnur mál á tímabilinu vörðuð meint brot á lögum um verðbréfa viðskipti nr. 108/2007 (vvl.) og þar af voru flest þeirra tilkomin vegna upplýsingaskyldu útgefenda á markaði.

Að venju bárust flestar ábendingar frá Kauphöll Íslands en á tímabilinu voru þær 12 talsins. Í fjórum tilvikum var athugun á umræddum málsatvikum þegar hafin og í þremur tilvikum þótti ekki ástæða til að stofna til sérstakrar athugunar. Þar af leiðandi hófust 17 mál að frumkvæði Fjármálaeftirlitsins og vegna ábendinga frá öðrum aðilum en Kauphöllinni.

Á tímabilinu 1. maí til 31. desember 2019 lauk Fjármálaeftirlitið athugun á 15 málum. Flestum þeirra eða 11 var lokað án frekari aðgerða, tveimur var lokið með athugasemd, einu með ábendingu og eitt mál var áframsent til frekari rannsóknar til annarrar deildar innan eftirlitsins.

Þau 25 mál sem tekin voru til skoðunar á tímabilinu 1. maí til 31. desember 2019 skiptast niður í eftirfarandi málaflokka:

- 14 mál vörðuð upplýsingagjöf en þar undir fellur birting innherjaupplýsinga (122. gr. vvl.), flöggunartilkynningar (IX. kafli vvl.) og efni í lýsingum (45. gr. vvl.)
- 4 mál vörðuð innherjasvik (123. gr. vvl.)
- 3 mál vörðuð markaðsmisnotkun (117. gr. vvl.)
- 3 mál vörðuð tilkynningaskyldu innherja (125. – 127. gr. vvl.)
- 1 mál varðaði þagnarskyldu (8. gr. revl.)

Fjármálaeftirlitið tók í notkun nýtt verðbréfaeftirlitskerfi á árinu 2019 sem nýtist í þeim tilgangi að greina viðskipti með sjálfvirkum hætti út frá þeim gögnum sem eftirlitsskyldum aðilum ber að tilkynna til eftirlitsins. Að sama skapi nýtist kerfið við greiningu mála sem tekin eru til skoðunar.

Líkt og fyrri ár var talsverður þungi í vinnu við innleiðingu nýrrar löggjafar á verðbréfamarkaði á tímabilinu sem umfjöllun þessi nær yfir og fór mestur tími í undirbúning tveggja reglu-

gerða. Annars vegar var um að ræða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 sem var innleidd á Íslandi með gildistöku laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Hins vegar var um að ræða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 909/2014 sem var innleidd á Íslandi með gildistöku laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna.


Fjármálaeftirlitið tekur þátt í starfi norræns samstarfshóps eftirlitsstjórnvalda sem starfræktur er til að samræma eftirlit með Nasdaq kauphöllunum á Norðurlöndunum. Helsta hlutverk hópsins, auk þess að framkvæma sértækar athuganir, er að meta og hafa eftirlit með helstu áhættuþáttum í rekstri kauphallanna en árlega útbýr hópurinn sérstaka skýrslu um hvar áhætta liggur og fyrirhugaðar athuganir.

Samkvæmt lögum nr. 55/2017 um skortsölu og skuldtryggingar ber aðilum að senda Fjármálaeftirlitinu tilkynningar um skortstöðu ef umfang slíkrar stöðu fer yfir 0,2% af útgefnu hlutafé hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi og fyrir hvert 0,1% umfram það. Einnig ber aðilum að senda tilkynningu þegar áður tilkynningaskyld staða fer undir tilkynningarmörkin. Árið 2018 bárust 63 tilkynningar og á tímabilinu 1. maí til 31. desember 2019 barst 51 tilkynning (á sama tímabili 2018 nam fjöldi tilkynninga 43). Fjöldi tilkynninga á árinu 2019 var 93.


Í lok árs 2019 var fjöldi útgefenda hlutabréfa á aðalmarkaði Kauphallarinnar 20 en í þeim hópi fjölgaði um einn á árinu 2019 þegar Iceland Seafood International flutti sig af First North markaði Kauphallarinnar hinn 29. október 2019.

Alls voru 16 lýsingar staðfestar á tímabilinu 1. maí til 31. desember 2019, þar af fjórar vegna útgáfu hlutabréfa. Staðfestir viðaukar voru 9. Staðfestar grunnlýsingar tímabilsins voru fjórar talsins og 90 endanlegir skilmálar voru birtir á vef Fjármálaeftirlitsins. Þetta er þriðja árið í röð sem dregur úr fjölda endanlegra skilmála. Aftur er aukning á útgáfu banka á víxlum og sértrygðum skuldabréfum eftir samdrátt á síðasta ári. Útgáfa annarra félaga sem jókst töluvert á árinu 2018 hefur hins vegar dregist saman en er þó samt töluvert meiri en á árinu 2017. Útgáfa banka var 96 milljarðar króna að nafnvirði á tímabilinu


Mynd 1 Fjöldi skortstöðutilkynninga eftir mánuðum




Mynd 2 Heildarútgáfa á verðbréfum



Mynd 3 Verðbréfaútgáfa kerfislega mikilvægra banka



Mynd 4 Heildarútgáfa bankanna



Tafla 1 Fjöldi lýsinga og viðauka sem Fjármálaeftirlitið samþykkti árið 2019

	2017	2018	2019
Lýsingar	19	24	24
Grunnlýsingar	9	10	9
Viðaukar	14	13	15

og hækkaði um tæpa 2 milljarða miðað við sama tímabil árið á undan og var hlutfall sértryggðra skuldabréfa 71% en víxla 29%. Mynd 3 sýnir hvernig verðbréfaútgáfa einstakra banka var á tímabilinu. Arion banki var með tæp 25% af heildarfjárhæð bankanna, Landsbankinn tæp 45%, Íslandsbanki tæp 25% og Kvika banki rúmlega 6%.

Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, verðbréfasjóðum, fjárfestingarsjóðum og fagfjárfestasjóðum

Rekstrarfélög verðbréfasjóða eru fjármálafyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármála-fyrirtæki og reka sjóði um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir hljóta staðfestingu Fjármálaeftirlitsins og gerðar eru ríkar kröfur til skipulags rekstrarfélaga þeirra, starfsemi og stjórnunar. Rekstrarfélög verðbréfasjóða reka einnig meirihluta tilkynnta fagfjárfestasjóða, en öðrum er einnig heimilt að reka þá. Fagfjárfestasjóðir standa eingöngu fagfjárfestum til boða og eru samkvæmt lögum nr. 128/2011 eingöngu tilkynningarskyldir til stofnunarinnar og lúta takmörkuðu eftirliti sem snýr einkum að upplýsingagjöf. Þá eru engar hömlur settar á fjárfestingar þeirra, ólíkt verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Eftirlit með rekstraraðilum fagfjárfestasjóða mun þó aukast með innleiðingu svokallaðrar AIFMD tilskipunar 2011/61/ESB sem hefur verið í gildi í Evrópu síðan 2013, og var loks innleidd með lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða í maí 2020 með lögum nr. 45/2020. Með tilkomu laganna munu rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, þar sem heildareignir í stýringu eru yfir ákveðnum fjárhæðarmörkum, þurfa að sækja um starfsleyfi sem *rekstraraðilar sérhæfðra sjóða*. Ef heildareignir í stýringu eru undir fjárhæðarmörkum laganna verða þeir eingöngu skráningarskyldir. Hyggist þeir aftur á móti reka fjárfestingarsjóði er það skilyrði sett að rekstraraðilinn sé með starfsleyfi.

Í byrjun árs 2019 heimilaði Fjármálaeftirlitið Kviku banka hf. að fara með yfir 50% virkan eignarhlut í GAMMA Capital Management hf. Á starfsárinu urðu því nokkrar tilfærslur og samrunar á sjóðum ásamt yfirfærslum tiltekinna rekstrarhluta milli rekstrarfélaga. Má þar helst nefna yfirfærslu á rekstri fagfjárfestasjóða frá annars vegar Rekstrarfélagi Virðingar hf. til GAMMA og hins vegar frá GAMMA til Júpíters rekstrarfélags hf.

Tekin var til skoðunar fylgni tiltekinna sjóða í rekstri Júpíters rekstrarfélags hf. og Landsbréfa hf. við fjárfestingarheimildir laga. Lauk málum gagnvart félögunum með athugasemdum og birtingu gagnsæistilkynninga.

Samkvæmt 43. gr. laga nr. 128/2011 ber rekstrarfélögum verðbréfasjóða að tilkynna það án tafar til Fjármálaeftirlitsins fari fjárfesting sjóðs fram úr leyfilegum mörkum. Tilkynnt brot sjóða á starfsárinu voru 16 talsins, fyrir 9 sjóði í rekstri fimm rekstrarfélaga.

Eftirlit með viðskiptaháttum

Fjármálaeftirlitið sinnir eftirliti með viðskiptaháttum eftirlitskyldra aðila. Það felst meðal annars í eftirliti með fylgni við ákvæði laga sem lúta að neytendavernd og fjárfestavernd. Á undanföllum árum hefur Fjármálaeftirlitið lagt ríkari áherslu á hlutverk sitt á þessu sviði. Liður í því var að búa til nýja einingu innan Fjármálaeftirlitsins, viðskiptaháttahóp, þar sem eftirliti með framangreindum málum er komið fyrir í einni og sömu einingunni. Áður var eftirliti með neytendavernd og viðskiptaháttum sinnt af sama hópi, en með því að bæta eftirliti með fjárfestavernd við eininguna á árinu 2019 var stigið skrefinu lengra. Löggjöf á sviði neytendaverndar og fjárfestaverndar hefur verið að þróast í sömu átt með svipuðum áherslum. Því hefur Fjármálaeftirlitið skipulagt þennan þátt starfsemi sinnar þannig að eftirlit með honum sé framkvæmt af sama teymi. Með nýju fyrirkomulagi næst frekari samræming og skilvirkni í eftirlitsstarfseminni ásamt því að sú reynsla og þekking sem skapast hefur af þessum málum nýtist enn betur.

Fjármálaeftirlitið tekur við ábendingum frá almenningi um viðskiptahætti eftirlitsskyldra aðila og sinnir upplýsinga- og leiðbeiningarhlutverki í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga. Almennigur getur beint ábendingum og fyrirspurnum sínum til Fjármálaeftirlitsins í gegnum vefsíðu þess, tölvupóst eða með símtali. Á árinu 2019 bárust Fjármálaeftirlitinu alls 205 slíkar ábendingar og fyrirspurnir. Framkvæmdar voru sértækar athuganir sem beindust að viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila, en slíkar athuganir eru meðal annars ákveðnar út frá áherslum Fjármálaeftirlitsins hverju sinni. Ábendingar frá almenningi geta einnig leitt til athugana á tilteknum þáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Sértækar athuganir sem lauk á tímabilinu maí til desember 2019 voru eftirfarandi:

- Athugun á opinberri fjárfestingarráðgjöf hjá Landsbankanum
- Athugun á meðhöndlun kvartana hjá Sparisjóði Austurlands, Sparisjóði Höfðhverfinga og Sparisjóði Strandamanna
- Athugun á ráðstöfunum Arion banka vegna hagsmunarárekstra

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í starfsemi evrópsku eftirlitsstofnananna á sviði viðskiptahátta og fjárfesta- og neytendaverndarmála. Meðal helstu markmiða stofnananna er að samræma eftirlit sem grundvallast á samevrópsku regluverki. Starfsmenn viðskiptaháttahóps taka virkan þátt í innleiðingu gerða á þessu sviði, en fjölmargar gerðir eru í farvatninu og munu taka gildi á næstu misserum. Á árinu 2019 var lokið við innleiðingu á tilskipun um dreifingu váttrygginga en vinna við innleiðingu undirgerða hennar stendur enn yfir. Fjármálaeftirlitið hélt fræðslufund um framangreind nýmæli í váttryggingalöggjöf í október 2019, sem var vel sóttur af starfsfólki váttryggingafélaga og váttryggingamiðlana.

Greining kerfisáhættu og þjóðhagsvarúð

Eitt af hlutverkum Fjármálaeftirlitsins var að leggja mat á kerfisáhættu í fjármálakerfinu og nota þau þjóðhagsvarúðartæki sem stofnunin hafði yfir að ráða til að sporna gegn henni.

Fjármálaeftirlitið sinnti þessu hlutverki sínu í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabanka Íslands á vettvangi fjármálastöðugleikaráðs og kerfisáhættunefndar.

Fjármálastöðugleikaráð fundaði fjórum sinnum á árinu 2019. Kerfisáhættunefnd fundaði jafnframt fjórum sinnum á árinu. Til umræðu á fundunum voru greiningar sérfræðinga Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands og ákvarðanir teknar um beitingu þjóðhagsvarúðartækja.

Kerfisáhætta

Árið 2019 markaðist að miklu leyti af áföllum í helstu útflutningsgreinum. Loðnubrestur í upphafi árs dró úr útflutningi fiskafurða. Gjaldþrot WOW air ehf. og kyrrsetning hluta af flugflota Icelandair hf. var áfall fyrir ferðaþjónustu í landinu. Niðurstaðan fyrir árið varð rúmlega 14% samdráttur í komum ferðamanna til landsins en um 3% samdráttur í kortaveltu erlendra ferðamanna í krónum talið.

Helsta kerfisáhættan sem þjóðarþúið stóð frammi fyrir á árinu 2019 stafaði einmitt af samdrætti í ferðaþjónustu og samspili við atvinnu- og íbúðahúsnæði sem enn var í mikilli uppbyggingu. Verð atvinnuhúsnæðis hafði hækkað mikið undanfarin ár sem má að einhverju leyti rekja til hótelluppbyggingar og annarrar þjónustu við ferðamenn og því var hættu á lækkun þess ef áfall yrði í ferðaþjónustu. Svipuð hættu blasti við varðandi íbúðaverð en skammtímaleiga til ferðamanna hafði átt þátt í hækkun þess undanfarin ár. Þessi áhætta raungerðist þó ekki heldur voru verðvísitölur nokkuð stöðugar yfir árið.

Þrátt fyrir þessi áföll voru áhrifin á grunnrekstur viðskiptabankanna hófleg. Lán fyrirtækja í vanskilum sem hlutfall af heildarlánum þeirra stóðu í 3,9% við árslok samanborið við 3,2% við upphaf þess en vanskil einstaklinga voru nær óbreytt. Arðsemi viðskiptabankanna af reglulegum rekstri jókst lítillega samanborið við fyrri ár þrátt fyrir að heildarhagnaður hafi minnkað vegna lækkandi einskíptistekna.

Eiginfjáráukar

Teknar voru ákvarðanir um tvo eiginfjáráuka á árinu 2019, sveiflujöfnunaráuka og eiginfjáráuka vegna kerfislegs mikilvægis. Fjármálastöðugleikaráð lagði til við Fjármálaeftirlitið að hækka sveiflujöfnunaráukann um 0,25% í janúar 2019 og Fjármálaeftirlitið tók ákvörðun um hækkun aukans 1. febrúar sama ár. Á árinu 2019 tók jafnframt gildi hækkun aukans úr 1,25% í 1,75%, nánar tiltekið hinn 15. maí 2019. Að auki voru teknar þrjár ákvarðanir um óbreyttan auka.

Eins og lög gera ráð fyrir var tekin ákvörðun um eiginfjáráuka vegna kerfislegs mikilvægis á árinu 2019. Eins og árið á undan voru Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. skilgreindir sem kerfislega mikilvæg fjármálfyrirtæki og þess vegna gert að viðhalda 2% eiginfjáráuka áfram.

Hluti af könnunar- og matsferli Fjármálaeftirlitsins (SREP) er að leggja mat á eiginfjárþörf fjármálfyrirtækja á álagstímum. Matið byggir á eigin álagsprófalíkani og greiningum sem Fjármálaeftirlitið framkvæmir ásamt aðkomu þess að árlegu álags-

prófi með Seðlabanka Íslands. Þar að auki er farið ítarlega yfir eigin álagspróf viðskiptabankanna og raunhæfar stjórnendaðgerðir sem þeir útlista. Ef niðurstöður þessara álagsprófa gæfu til kynna að almennt eigið fé þáttar 1 lækkaði meira en sem næmi verndunarauka og í sérstökum tilfellum sveiflujöfnunarauka til viðbótar gæti Fjármálaeftirlitið beint því til viðkomandi fjármálfyrirtækis að halda til haga auknu eiginfé (stoð II-G). Í könnunar- og matsferlinu 2019 var ekki gerð krafa um aukið eigið fé á þeim grundvelli.

Alþjóðasamstarf

Fjármálaeftirlitið tók þátt í margskonar alþjóðasamstarfi á árinu 2019 í sambandi við mat á kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, meðal annars á vettvangi Evrópska kerfisáhætturáðsins (ESRB). Þar er helst að nefna samstarf íslenskra eftirlitsaðila og ESRB um mat á veikleikum á íbúðamarkaði á Íslandi. Greining ESRB náði til allfresta aðildarríkja stofnunarinnar. ESRB komst að þeirri niðurstöðu hvað Ísland varðaði að vara við veikleikum á íslenska húsnæðismarkaðnum og lagði til að stjórnvöld beittu frekari þjóðhagsvarúðartækjum á þessum markaði til að standa vörð um fjármálastöðugleika. Í skýrslu ESRB er bent á að á Íslandi hafi þegar verið gripið til fjölmargra aðgerða til að milda áhrif veikleika á húsnæðismarkaði á fjármálastöðugleika, t.d. með því að setja reglur um hámark veðsetningarhlutfalls, með útgáfu reglugerðar um greiðslumat og innleiðingu kerfisáhættu- og sveiflujöfnunarauka. Að mati ESRB er skuldetning íslenskra heimila há og því ætti að skoða hvort þörf sé á að takmarka skuldetningu heimila í hlutfalli við tekjur þeirra.

Viðvaranir voru jafnframt sendar til fjögurra annarra aðildarríkja ESRB, Frakklands, Noregs, Tékklands og Þýskalands, ásamt því að ábendingar voru sendar sex öðrum ríkjum sem áður höfðu fengið sambærilegar viðvaranir.

Niðurstaða íslenskra eftirlitsaðila er, enn sem komið er, að ekki sé tilefni til að setja frekari skorður á fasteignalán til neytenda. Þörf á frekari aðgerðum var metin reglulega á vettvangi fjármálastöðugleikaráðs og mun verða metin áfram, en framvegis á vettvangi fjármálastöðugleikanefndar.

Vettvangsathuganir

Vettvangsathuganir eru ein þeirra aðferða sem Fjármálaeftirlitið beitir til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Markmið vettvangsathugana er að greina með ítarlegum hætti tiltekna áhættu í starfsemi eftirlitsskylds aðila, leggja mat á innra eftirlitsskerfi, viðskiptalíkon eða stjórnarhætti hans. Á árinu 2019 var áhersla lögð á vettvangsathuganir er tengdust útlánaáhættu og aðgerðum eftirlitsskyldra aðila gegn peningabætti og fjármögnum hryðjuverka.

Vettvangsathuganir er tengdust útlánaáhættu voru þrenns konar. Fyrst er að nefna athuganir á virðismatsaðferðum viðkomandi banka. Fjármálaeftirlitið lagði mat á virðismatsaðferðir bankans vegna útlána til viðskiptamanna og staðfestingu á bókfærðu virði skuldbindinganna. Athuganir voru framkvæmdar hjá Landsbankanum og Arion banka.

Í öðru lagi var kannað hjá Landsbankanum hvort umgjörð, gæði gagna og skipulag við undirbúning og framkvæmd ákvörðunar um lánveitingu tiltekins aðila hefði verið í samræmi við kröfur laga og reglna og vandaða stjórnarhætti.

Í þriðja lagi voru kannaðir ákveðnir þættir varðandi stefnur, stjórnarhætti og verklag er tengjast virðisrýmunarferli viðkomandi banka og hvernig það samræmdist kröfum laga, reglna og viðmiðunarreglna Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA). Í athuguninni var stuðst við viðmiðunarreglur EBA um framkvæmd áhættustýringar vegna útlánaáhættu og reikningsskil fyrir vænt tap af útlánastarfsemi. Athuganir voru framkvæmdar hjá Arion banka, Íslandsbanka, Kvikubanka og Landsbankanum.

Ein af helstu áherslum eftirlitsins síðustu ár hefur verið að kanna framfylgni eftirlitsskyldra aðila við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Athuganir eftirlitsins árið 2019 snéru að nokkrum þáttum, nánar tiltekið innri ferlum, reglubundnu eftirliti, alþjóðlegum þvingunaraðgerðum, framkvæmd áreiðanleikakannana, einstaklingum í áhættuhóp vegna stjórnmalalegra tengsla og rannsóknar- og tilkynningarskyldu. Athuganir voru framkvæmdar hjá Íslandsbanka, Landsbankanum, Kvikubanka og Fossum mörkuðum.

Þrjár athuganir snéru að lífeyrissjóðum. Hjá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja var kannað hvort sjóðurinn byggi yfir fullnægjandi innra eftirlitsskerfi og þá sérstaklega er lyti að eftirliti með fjárfestingarstarfsemi sjóðsins. Í því sambandi var sérstaklega kannað hvernig daglegu eftirliti væri háttáð með fjárfestingum sjóðsins og hvort eftirlitshlutverk stjórnar sem og framkvæmdastjóra væri nægilega virkt. Í tveimur athugunum voru kannaðir tilteknir þættir við verklag við framkvæmd tryggingafræðilegra athugana. Taldi Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að skoða hvernig tryggingafræðingur, sem framkvæmir slíkar athuganir fyrir hönd lífeyrissjóðs, aflar og vinnur með forsendur sem liggja til grundvallar tryggingafræðilegri athugun á stöðu sjóðsins. Með athuguninni fékk Fjármálaeftirlitið auk þess betri og yfirgrípsmeiri sýn á þau verkefni og það vinnulag sem tryggingafræðingar viðhafa við tryggingafræðilegar athuganir hjá lífeyrissjóðum.

Fjárfestingarferli TM var til athugunar. Fjármálaeftirlitið skoðaði fjárfestingarferli félagsins vegna fjárfestinga í óskráðum verðbréfum og hvernig eftirliti væri háttáð hjá félaginu með þeim fjárfestingum.


Nýjar stafrænar lausnir eru sífellt að ryðja sér til rúms og þjónustuframboð eftirlitsskyldra aðila verður sífellt sjálfvirkara og rafrænna. Athugun var gerð hjá viðskiptabönkum um hvernig utanumhald á rafrænu greiðslumati væri háttáð og hvernig gæði úrtaksins væri tryggt öllum stundum. Athugunin var tvískipt, annars vegar úttekt á kerfis- og líkanaáhættu vörunnar, rafrænt greiðslumat og hins vegar úttekt vegna háttsemisáhættu henni tengdri. Athugunin var framkvæmd hjá Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankanum.

Fjármálfyrirtæki skal samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti senda Fjármálaeftirlitinu tilkynningu um öll viðskipti sem það framkvæmir með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og fjármálagerninga

sem tengjast þeim. Fjármálaeftirlitið kannaði í vettvangsathugun gæði framangreindra tilkynninga til eftirlitsins. Kröfur verða auknar varðandi þessar tilkynningar með lögleiðingu reglugerðar ESB nr. 600/2014 (MIFIR) og má búast við að eftirlitið muni reglulega framkvæma athuganir til að kanna gæði inn-sendra gagna.

Hér að neðan má sjá fjölda vettvangsathugana sem lokið var á árinu 2019 og eru þær flokkaðar eftir tegund eftirlitsskyldra aðila. Til viðmiðunar má einnig sjá fjölda athugana sem lokið var á árinu 2018.

Mynd 5 Vettvangsathuganir árin 2018 og 2019



Hæfismat, virkir eignarhlutir og leyfisveitingar

Hæfismat stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að það er fyrst og fremst á ábyrgð hins eftirlitsskylda aðila að stjórnarmenn og framkvæmdastjórn hans uppfylli viðeigandi hæfisskilyrði laga og reglna. Þrátt fyrir það hefur Fjármálaeftirlitið einnig hlutverki að gegna sem eftirlitsaðili að tryggja að mat eftirlitsskyldra aðila og skipunaraðila þeirra hafi farið fram með fullnægjandi hætti.

Þar sem stjórnarhættir eru að mati Fjármálaeftirlitsins einn af mikilvægustu þáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila leggur Fjármálaeftirlitið áherslu á að tryggja að stjórnarmenn og framkvæmdastjórn uppfylli kröfur sem til þeirra eru gerðar. Fjármálaeftirlitið leggur ávallt mat á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra þegar þeir hefja störf hjá eftirlitsskyldum aðila auk þess sem það getur tekið hæfi þeirra til endurskoðunar á hverjum tíma ef tilefni er til. Hæfismat Fjármálaeftirlitsins í tilviki stjórnarmanna felst ávallt í yfirferð skriflegra gagna og í talsverðum fjölda tilfella eru stjórnarmenn jafnframt boðaðir í viðtal þar sem þekking þeirra er könnuð frekar. Við mat á því hvort stjórnarmaður skuli boðaður í viðtal er m.a. horft til tegundar, stærðar og umfangs reksturs félagsins og þess hvort vafi sé á að viðkomandi uppfylli skilyrði laga um nægilega þekkingu og reynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Í tilviki framkvæmdastjóra felst hæfismatið ávallt í yfirferð skriflegra gagna og viðtali þar sem þekking þeirra er könnuð.

Við mat á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra styðst Fjármálaeftirlitið við þær hæfiskröfur sem gerðar eru til við-

komandi aðila í þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi eftirlitsskylda aðilans. Þá lítur Fjármálaeftirlitið jafnframt til viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármála-markaði.

Fjármálaeftirlitið lagði mat á hæfi 108 stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila á árinu 2019. Í langflestum tilvikum var um að ræða stjórnarmenn. Í töflu X má sjá fjölda hæfismata síðastliðin þrjú ár. Af þeim aðilum sem voru boðaðir í viðtal á síðasta ári voru fjórir sem ekki sýndu fram á fullnægjandi þekkingu eða mættu ekki í boðað viðtal. Í töflu Y má sjá nánari sundurliðun á hvernig fjöldi stjórnarmanna skiptist eftir eftirlitsskyldum aðilum.

Tafla X

	2017	2018	2019
Fjöldi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sem teknir voru í hæfismat	115	100	108
Fjöldi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sem stóðust ekki hæfismat vegna ófullnægjandi þekkingar eða mættu ekki í boðað viðtal	2	6	4

Tafla Y

2019		
Tegund aðila	Fjöldi	Fjöldi viðtala
Viðskiptabankar	12	10
Lífeyrissjóðir	36	17
Lánafyrirtæki	12	4
Vátryggingafélög	12	6

Virkir eignarhlutir

Fjármálaeftirlitið metur hæfi aðila sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum, vátryggingafélögum, rafeyrissyrirtækjum og greiðslustofnunum. Virkur eignarhlutur er bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags. Nokkuð var um breytingar á eignarhaldi fjármálafyrirtækja og annarra eftirlitsskyldra aðila á tímabilinu. Afgreiddi Fjármálaeftirlitið tilkynningar um virka eignarhluti Vátryggingafélags Íslands hf. í T Plus hf., Atrium ehf. í Rekstrarfélagi Virðingar hf. og TM hf. í Lykli fjármögnun hf. Samhliða starfsleyfisveitingu til rafeyrissyrirtækisins Monerium EMI ehf. afgreiddi Fjármálaeftirlitið tilkynningu Monerium ehf. um virkan eignarhlut í fyrirtækinu.

Starfsleyfi, skráningar, samrunar og skiptingar og afturköllun starfsleyfa

Monerium EMI ehf. hlaut starfsleyfi sem rafeyrissyrirtæki samkvæmt lögum nr. 17/2013 um útgáfu og meðferð rafeyris. Þá var starfsleyfi Íslenskra verðbréfa hf. sem verðbréfafyrirtækis endurútféð eftir að Fjármálaeftirlitið hafði samþykkt afsal félagsins á tilteknum starfsheimildum. Jafnframt hlaut félag-

ið FX Iceland ehf. skráningu sem gjaldeyrisskiptastöð, sbr. lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Fjármálaeftirlitið samþykkti yfirfærslur tiltekinn rekstrarhluta GAMMA Capital Management hf. til Júpíters rekstrarfélags hf. sem og tiltekinn rekstrarhluta Rekstrarfélags Virðingar hf. til GAMMA Capital Management hf., sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Auk þess voru samrunar nokkurra fjárfestingar- og verðbréfasjóða GAMMA Capital Management hf. við sjóði Júpíters rekstrarfélags hf. samþykktir, sbr. lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Einnig var veitt leyfi til yfirfærslu endurtryggingastofns frá Tryggingu hf. (nú TM tryggingar hf.) til Íslenskrar endurtryggingar hf., sbr. lög nr. 100/1016 um váttryggingastarfsemi. Undir lok árs 2019 þegar starfsemi Íbúðalánasjóðs var skipt upp og hún færð til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og ÍL-sjóðs hætti starfsemi að lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Skoðun á mögulegri starfsemi án leyfis

Fjármálaeftirlitinu berast reglulega ábendingar og hefur einnig frumkvæðisskoðanir á starfsemi fyrirtækja sem mögulega stunda leyfisskylda starfsemi án leyfis eða skráningar. Á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember 2019 hóf Fjármálaeftirlitið tuttugu og sex slíkar athuganir. Tuttugu og einni athugun lauk án frekari aðgerða og fimm athuganir eru enn til skoðunar.

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Tilkynningarskyldir aðilar

Tilkynningarskyldir aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins eru 72 talsins og í þeim hópi eru m.a. bankar, verðbréfafyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, líftryggingafélög, lífeyrissjóðir, gjald-eyrisskiptastöðvar og þjónustuveitendur sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla. Með lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka urðu umboðs- og dreifingaraðilar erlendra fyrirtækja einnig tilkynningarskyldir aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Eftirlit og vettvangsathuganir

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi 40 athuganir á aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á starfsárinu. Könnuð

var m.a. fylgni við lög nr. 64/2019 um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarpopna. Hluti þessara athugana voru vettvangsathuganir og um nánari umfjöllun um þær athuganir vísast á bls. 13 í þessari skýrslu.

Áhættumat tilkynningarskyldra aðila

Hinn 1. júní 2019 tóku gildi ákvæði í lögum nr. 140/2018 um skyldu tilkynningarskyldra aðila til þess framkvæma áhættumat á rekstri sínum og viðskiptum. Matið skal innihalda skriflega greiningu og mat á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og skal m.a. taka mið af áhættuþáttum sem tengjast viðskiptamönnum, viðskiptalöndum eða svæðum, vörum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum.

Í kjölfar gildistöku ákvæðisins óskaði Fjármálaeftirlitið eftir skriflegum áhættumötum frá öllum tilkynningarskyldum aðilum undir eftirliti þess. Niðurstaðan var sú að allir aðilar höfðu framkvæmt áhættumat en frá þessum tíma hefur Fjármálaeftirlitið tekið áhættumöt til ítarlegri skoðunar hjá þeim aðilum sem eru í hærri áhættuflokkum ásamt því að kanna fylgni við löginn í vettvangsathugunum hjá tilteknum aðilum.

Fræðsla

Áfram hefur verið unnið að því á vettvangi stjórnvalda að útbúa fræðslufni tengt aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka til að upplýsa tilkynningarskylda aðila um lagskyldur þeirra. Bæklingar á rafrænu formi sem taka til einstakra efnisþátta laganna hafa verið gefnir út. Þeir bæklingar varða áhættusöm ríki, ábyrgðarmann, áhættumat, áreiðanleikakönnun og alþjóðlegar þvingunaraðgerðir og er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Þá hefur Fjármálaeftirlitið bætt vefsíðu sína um þetta efni og er þar að finna nytsamlegar leiðbeiningar fyrir tilkynningarskylda aðila um áhættuþætti á bankamarkaði, verðbréfamarkaði og líftryggingamarkaði auk þess sem fræðslufnið tekur til peningasendinga og útgáfu og meðferðar rafeyris. Þá hafa verið gefnar út leiðbeiningar varðandi eftirlit með viðskiptamönnum á listum yfir þvingunaraðgerðir.

Til viðbótar við framangreint hefur Fjármálaeftirlitið ásamt öðrum aðilum innan stjórnkerfisins staðið fyrir fræðslufundum fyrir tilkynningarskylda aðila er varða skyldur þeirra samkvæmt lögum nr. 140/2018.

Aðgerðir í kjölfar úttektar FATF

Alþjóðlegi fjármálaaðgerðahópurinn Financial Action Task Force (FATF) gerði úttekt á Íslandi árið 2017 sem lauk með skýrslu í apríl 2018. Vegna þeirra annmarka sem skýrslan leiddi í ljós hófst í kjölfarið tímabil þar sem íslensk stjórnvöld þurftu að sýna fram á að jákvæðar og greinanlegar framfarir hefðu átt sér stað. Þessu tímabili lauk í október 2019 með niðurstöðu FATF um að Ísland hefði ekki sýnt fram á nægjanlegar framfarir varðandi öll þau atriði sem athugasemdir voru gerðar við. Af þeim sökum var Ísland sett á lista yfir ríki sem eru samvinnufús en aðgerðaáætlun um endurbætur er í farvegi. Þessi niðurstaða fólst í því að Ísland myndi áfram sæta eftirliti vegna þriggja aðgerða sem FATF taldi enn standa út af. Vörðuðu þessi atriði

aðgang að upplýsingum um raunverulega eigendur, upplýsingakerfi og starfsmannafjölda hjá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og eftirlit með eftirfylgni við þvingunaraðgerðir og yfirsýn yfir starfsemi almannaheillafélaga.

Meðan á úttektinni stóð og í kjölfar skýrslunnar í apríl 2018 hófst umfangsmikið úrbótaferli af hálfu stjórnvalda hér á landi, m.a. Fjármálaeftirlitinu. Þessar úrbætur hafa m.a. falist í auknu áhættumiðuðu eftirliti, fleiri og dýpri vettvangsathugunum, aukinni fræðslu og samskiptum við tilkynningarskylda aðila, auk frekara samstarfs við aðra aðila innan stjórnkerfisins, einkum eftirlitsaðila og skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. Íslensk stjórnvöld telja að umbótum sé lokið og standa vonir til að Ísland losni af fyrrnefndum lista.

2 Viðurlagamál

Málum sem lauk með viðurlögum á tímabilinu

Á tímabilinu 1. maí til 31. desember 2019 lauk Fjármálaeftirlitið fimm málum með samkomulagi um sátt við málsaðila. Á sama tímabili var engu máli lokið með ákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins um álagningu stjórnvaldssektar vegna brots.

Þau mál, sem lokið var með sátt á tímabilinu, eru eftirfarandi:

- **Eimskipafélag Íslands hf.**

Eimskipafélag Íslands hf. braut gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) með því að hafa ekki birt innherjaupplýsingar eins fljótt og auðið var. Málsaðili féllst á að greiða 31.500.000 kr. í fjársekt.

- **Eaton Vance Management**

Eaton Vance Management braut gegn 1. mgr. 86. gr. vvl. með því að hafa í sex skipti látið fyrirfarast að tilkynna um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar (flöggun) innan lögboðinna tímamarka. Málsaðili féllst á að greiða 14.600.000 kr. í fjársekt.

- **Brim hf.**

Brim hf. braut gegn 1. mgr. 122. gr. vvl. með því að hafa ekki birt innherjaupplýsingar eins fljótt og auðið var. Málsaðili féllst á að greiða 8.200.000 kr. í fjársekt.

- **Kvika banki hf.**

Kvika banki hf. braut gegn 2. mgr. 21. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með því að hafa ekki tilkynnt um fyrirhugaða

hliðarstarfsemi bankans. Málsaðili féllst á að greiða 3.000.000 kr. í fjársekt.

- **Arion banki hf.**

Arion banki hf. braut gegn 2. mgr. 8. gr. vvl. með því að hafa láðst að skrá greiningu hagsmunaárekstra með skipulögðum og formlegum hætti við veitingu fjárfestingarráðgjafar. Málsaðili féllst á að greiða 21.000.000 kr. í fjársekt.

Stjórnvaldssektarmál fyrir dómstólum

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 40/2019, sem kveðinn var upp 16. desember 2019, var niðurstaða Landsréttar í máli Eimskipafélags Íslands hf. gegn Fjármálaeftirlitinu og íslenska ríkinu staðfest. Með dóminum var hafnað kröfu Eimskipafélagsins um að ógilda ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, frá 8. mars 2017, um að leggja 50.000.000 kr. stjórnvaldssekt á félagið fyrir að hafa ekki birt tilteknar innherjaupplýsingar eins fljótt og auðið var og þar með brotið gegn 1. mgr. 122. gr. vvl. Áður hafði héraðsdómur og Landsréttur komist að sömu niðurstöðu.

Þá kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóm í máli Arctica Finance hf. gegn Fjármálaeftirlitinu og íslenska ríkinu 8. mars 2019 (mál nr. E-4049/2017). Arctica áfrýjaði niðurstöðu héraðsdóms til Landsréttar, en aðalmeðferð er á dagskrá réttarins 26. nóvember 2020. Málið snýst um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins að leggja sekt, að fjárhæð 72.000.000 kr., á Arctica fyrir að hafa brotið gegn 57. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglum settum á grundvelli laganna, með því að hafa greitt óheimila kaupauka til starfsmanna félagsins.

3 Breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar

Lagabreytingar á árinu 2019

Fjármálaeftirlitið tekur virkan þátt í að móta regluverkið sem gildir á fjármálamarkaði hér á landi, bæði með setningu eigin reglna og með útgáfu leiðbeinandi tilmæla. Þá er þátttaka Fjármálaeftirlitsins í nefndum og starfshópum á vegum fagráðuneyta til undirbúnings lagafrumvarpa sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila umtalsverð og nýtist sú sérfræðipækning sem starfsfólk Fjármálaeftirlitsins býr yfir í slíka vinnu. Enn fremur hefur Fjármálaeftirlitið yfirsýn yfir þær réttarheimildir sem gilda á íslenskum fjármálamörkuðum, beitir þeim og túlkar og fylgist með þeim lagabreytingum sem eru í farvatninu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Fjármálaeftirlitið gegnir lykilstöðu á fjármálamarkaði varðandi vöktun tæknilegra staðla (e. technical standards), viðmiðunarreglna (e. guidelines) og tilmæla (e. recommendations) sem gefin eru út af Evrópsku eftirlitstofnunum á fjármálamarkaði.

Eftirfarandi lög er varða fjármálamarkað voru samþykkt á Alþingi á árinu 2019:

- Lög nr. 26/2019 um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um váttryggingasamstæður (reglugerðir og reglur).
- Lög nr. 27/2019 um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, með síðari breytingum (fjöldi fulltrúa í slitastjórn).
- Lög nr. 163/2019 um breytingu á lögum um neytendalán og lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (efling neytendaverndar o.fl.).
- Lög nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga.
- Lög nr. 68/2019 um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007 (reglugerðarheimild vegna lýsinga).
- Lög nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands.
- Lög nr. 151/2019 um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs.
- Lög nr. 131/2019 um breytingu á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki nr. 155/2010, með síðari breytingum (skattahlutfall).
- Lög nr. 117/2019 breyting á ýmsum lagaákvæðum vegna sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins.
- Lög nr. 8/2019 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (stjórn og endurskoðun).

Setning reglna og útgáfa leiðbeinandi tilmæla á starfsárinu

Á starfsárinu setti Fjármálaeftirlitið eftirfarandi reglur, m.a. til að innleiða tæknilega staðla Evrópsku eftirlitstofnananna á fjármálamarkaði:

- Reglur um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða samræmdar forsendur staðalreglunnar við útreikning gjaldþolskröfu váttryggingafélaga – nr. 120/2019.
- Reglur um tæknilega staðla varðandi tilkynningar lánastofnana um starfsemi yfir landamæri – nr. 130/2019.
- Reglur um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt – nr. 326/2019.

- Reglur um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli – nr. 480/2019.
- Reglur um skráningu gjaldeyrisskiptastöðva og þjónustuveitenda sýndarfjár og stafrænna veskja – nr. 535/2019.
- Reglur um um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi ferlið vegna umsóknar til að nota eigið líkan samstæðu – nr. 657/2019.
- Reglur um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli með viðmiðunardagsetningar frá 30. júní til 29. september 2019 – nr. 767/2019.
- Reglur um framkvæmd hæfismats stjórnarmanna og framkvæmdastjóra váttryggingamiðlara og einstaklinga með starfsleyfi sem váttryggingamiðlarar – nr. 1362/2019.
- Reglur um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli með viðmiðunardagsetningar frá 30. september til 30. desember 2019 – nr. 1363/2019.
- Reglur um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu váttryggingafélaga um gjaldþol og fjárhagslega stöðu – nr. 1365/2019.

Þá gaf Fjármálaeftirlitið út ný leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila og leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2019 um hugtakanotkun og skýringar í ársreikningum váttryggingafélaga. Þau síðarnefndu hafa verið felld úr gildi með leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2020 um samræmda framsetningu tiltekinna skýringarliða í ársreikningum váttryggingafélaga.

Nokkur fjöldi EES viðmiðunarreglna (e. guidelines) var tekinn upp hjá Fjármálaeftirlitinu á árinu. Um er að ræða viðmiðunarreglur sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA), Evrópska váttrygginga og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) gefa út að eigin frumkvæði, sbr. heimild í 16. gr. reglugerða um að koma á fót Evrópsku eftirlitsstofnunum nr. 1093-1095/2010, sem innleiddar hafa verið í lög nr. 24/2017 um evrópsk eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Þessar viðmiðunarreglur eru ekki teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins heldur er sá háttur hafður á að birt er dreifibréf um efni viðmiðunarreglnanna og slóð á enska útgáfu þeirra á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins. Auk þess eru haldnar kynningar á efni viðmiðunarreglnanna eftir þörfum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf Evrópusambandsins. Fjármálaeftirlitið byggir því á viðmiðunarreglunum við framkvæmd eftirlits.

Aðkoma Fjármálaeftirlitsins að innleiðingu Evrópugerða

Fjármála- og efnahagsráðuneytið vinnur að því að innleiða fjölda Evrópugerða á sviði fjármálamarkaðar. Fjármálaeftirlitið tekur þátt í þeirri vinnu og er hér fjallað stuttlega um þær gerðir sem unnið var að á árinu.

BRRD (Bank Resolution and Recovery Directive)

Á árinu 2018 var hluti BRRD tilskipunarinnar 2014/59 innleiddur í lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Vinna við frumvarp til innleiðingar þess hluta tilskipunarinnar sem snýr að skilameðferð fjármálafyrirtækja hélt áfram á árinu og var það lagt fram á Alþingi í nóvember 2019. Frumvarpið varð að lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja nr. 70/2020. Í því frumvarpi eru ákvæði um stofnun skilavalds (e. resolution authority), þau skilaúrræði sem slíkt stjórnvald mun geta gripið til, gerð skilaáætlana og lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL).

AIFMD (Alternative Investment Fund Managers Directive)

Vinna við lagafrumvarp til innleiðingar á tilskipun 2011/61/ESB um starfsemi sérhæfðra sjóða hélt áfram á árinu og var það lagt fram á Alþingi í nóvember 2019 og varð að lögum nr. 45/2020 í maí 2020. AIFMD tekur til starfsemi annarra sjóða en verðbréfasjóða (UCITS sjóða) og markmið tilskipunarinnar er að samræma regluverk milli aðildarríkja EES svæðisins, tryggja einsleitni á innri markaðnum, tryggja fjármálastöðugleika, auka fjárfestavernd og efla traust og eftirlit með starfsemi sérhæfðra sjóða og rekstraraðila þeirra.

MiFID II/MiFIR (Markets in Financial Instruments Directive II and Regulation)

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í nefndarvinnu á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins til að semja löggjöf til innleiðingar á MiFID II tilskipuninni 2014/65 og MiFIR reglugerðinni (ESB) 600/2014 um markaði með fjármálagerninga og hélt sú vinna áfram á árinu. Gerðirnar fjalla meðal annars um fjárfestavernd, skipulag viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtækja og gagnsæi í viðskiptum. Samhliða nefndarvinnunni fer nú fram vinna innan Fjármálaeftirlitsins við að innleiða ýmsar breytingar sem leiða af hinu nýja regluverki. MiFID II/MiFIR er ætlað að auka gagnsæi og bæta virkni markaðar fyrir fjármálagerninga innan EES. Upphaflega var stefnt var að því að löggjöfin tæki gildi í byrjun árs 2020 en vinna við frumvarpið tók lengri tíma en áætlað var. Vegna COVID-19 var framlagningu frumvarpsins á Alþingi síðan frestað og er gert ráð fyrir að það verði lagt fyrir og samþykkt á haustþingi 2020.

Útboðs- og skráningarlýsingar (Prospectus reglugerð)

Á árinu 2019 tók gildi innan ESB og var tekin upp í EES-samninginn ný reglugerð (ESB) 2017/1129 um þær lýsingar sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Reglugerðin leysir af hólmi fyrri tilskipun um sama efni. Á árinu 2019 var sett í forgang að innleiða hana hér á landi til að tryggja að sömu reglur gildi hér og í öðrum EES ríkjum, m.a. til að ekki myndu skapast vandamál fyrir þá útgefendur sem vilja skrá verðbréf bæði á Íslandi og í öðrum EES ríkjum. Í reglugerðinni er m.a. komið á fót nýrri flýtimeðferð fyrir útgefendur sem gefa reglulega út lýsingar og gerðar minni kröfur um upplýsingagjöf hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem hafa engin verðbréf á skipulegum

verðbréfamarkaði. Fjármálaeftirlitið kom að vinnu við frumvarp sem var lagt fram í desember 2019 og varð að lögum nr. 14/2020 í mars 2020.

CSDR (Regulation on Settlement and Central Securities Depositories)

Fjármálaeftirlitið tók á árinu þátt í vinnu nefndar á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins til að innleiða reglugerð (ESB) 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör á EES svæðinu og um verðbréfamiðstöðvar (CSDR). Markmið reglugerðarinnar er að samræma reglur um verðbréfauppgjör á EES svæðinu. Frumvarpið var lagt fram í nóvember 2019 og varð að lögum nr. 7/2020 í febrúar 2020. Lögin hafa það að markmiði að bæta verðbréfauppgjör og gera ríkari kröfur til starfsemi verðbréfamiðstöðva og draga þannig úr kerfisáhættu og stuðla að fjármálastöðugleika. Markmiðið er einnig að samræma verðbréfauppgjör innan EES svæðisins og efla samkeppni á milli verðbréfamiðstöðva.

EuVECA og EuSEF

Vinna er hafin hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu við að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði (EuVECA) og reglugerð (ESB) nr. 346/2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (EuSEF) í íslensk lög. Markmið reglugerðanna er að kveða á um skilyrði þess að rekstraraðilum sérhæfðra sjóða sé heimilt að notast við heitin EuVECA við markaðssetningu á evrópskum áhættufjármagnssjóðum og EuSEF við markaðssetningu á evrópskum félagslegum framtakssjóðum. Fjármálaeftirlitið tekur þátt í vinnu við upptöku og áætlaða innleiðingu á gerðunum en ráðgert er að þær verði innleiddar með lögum haustið 2020.

Endurskoðun á fyrirkomulagi úrskurðanefnda á fjármála- markaði

Fjármálaeftirlitið tók á árinu þátt í vinnu nefndar á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem hefur það hlutverk að skoða fyrirkomulag þeirra nefnda sem leysa úr ágreiningi á milli neytenda og fyrirtækja sem starfa á fjármálamarkaði. Með vinnunni er stefnt að því að tryggja að fyrirkomulag nefndanna samræmist ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB um lausn deilumála neytenda utan dómstóla og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun 2009/22/EB (tilskipun um lausn deilumála neytenda utan dómstóla (ADR)). Meginmarkmið nefndarinnar er því sem fyrr segir að tryggja að fyrirkomulag starfandi nefnda samræmist ákvæðum ADR tilskipunarinnar, ásamt því að skoða heildstætt, hvort rétt sé að framkvæma aðrar breytingar á fyrirkomulaginu heldur en þær sem innleiðingin kallar á, m.a. byggt á ákvæðum um úrlausnarleiðir utan dómsstóla í Evrópulöggjöf um fjármálaþjónustu. Frumvarp að lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála var lagt fram í mars 2019 og varð að lögum nr. 81/2019. Lögin tóku gildi í janúar 2020. Markmið laganna er að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegru málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla.

4 Mannauður

Árið einkenndist af stöðugleika í starfsmannamálum. Starfsmannavelta var lítil og sýndi viðhorfskönnun sem gerð var í upphafi árs að starfsfólk var ánægt í starfi og starfsandi góður. Almennt voru niðurstöður góðar og hafði stofnunin aldrei mælst betur í könnun af þessu tagi. Fyrirhuguð sameining við Seðlabanka Íslands setti svip sinn á starfsemina og átti stofnunin mjög gott samstarf við starfsfólk Seðlabanka Íslands og aðra sem komu að undirbúningi og framkvæmd sameiningarinnar. Fjölmargir kynningarfundir voru haldnir um fyrirhugaða sameiningu og var reynt að upplýsa starfsfólk um stöðu mála hverju sinni. Á haustdögum var gerð púlskönnun á liðan starfsfólks í

sameiningarferlinu og sýndu niðurstöður að rétt tæp 60% starfsfólks hafði jákvætt viðhorf til sameiningarinnar.

Greidd stöðugildi voru 115,91 árið 2019	
Starfsmannavelta	5,8%
Skipting starfsfólks eftir kyni	
Konur	48%
Karlar	52%
Skipting stjórnenda eftir kyni	
Konur	52%
Karlar	48%

II. Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins



1 Fjöldi aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins

Flokkar aðila undir eftirliti í lok hvers árs	31.12.2014	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2019
<i>Starfsleyfisskyldir eða starfa skv. sérlögum:</i>						
Viðskiptabankar	4	4	4	4	4	4
Sparisjóðir	7	4	4	4	4	4
Lánafyrirtæki	6	5	5	5	5	5
Íbúðalánasjóður	1	1	1	1	1	0
Innlánsdeildir samvinnufélaga	1	1	1	1	0	0
Verðbréfafyrirtæki	9	10	10	9	9	9
Verðbréfamiðlanir	2	1	0	0	0	0
Rekstrarfélög verðbréfasjóða ¹	10	10	10	10	9	9
Fagfjárfestingsjóðir - lögaðilar	9	14	22	20	20	22
Kauphallir	1	1	1	1	1	1
Verðbréfamiðstöðvar	1	1	1	2	2	2
Lífeyrissjóðir ²	26	26	25	22	21	21
Vátryggingafélög	12	12	12	11	11	11
Vátryggingamiðlanir	9	9	9	9	7	8
Aðilar með innheimtuleysi	6	8	8	7	8	8
Greiðslustofnanir	1	1	1	1	1	1
Rafeyrisfyrirtæki	0	0	0	0	0	1
Gjaldeyrisskiptistöðvar	1	1	1	1	1	1
Tryggingarsjóðir	2	2	2	2	1	1
Skráðir lánveitendur	0	0	0	1	1	1
Þjónustuveitendur sýndarfjár	0	0	0	0	1	1
Samtals	108	111	117	111	107	110
<i>Aðrir aðilar háðir eftirliti:</i>						
Verðbréfasjóðir (ekki lögaðilar) ³	53	50	47	42	40	37
Fjárfestingarsjóðir (ekki lögaðilar) ³	48	53	60	60	60	54
Fagfjárfestingsjóðir (ekki lögaðilar) ³	65	71	84	91	97	92
Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar ⁴	13	8	8	8	8	8
Útgefendur skráðra hlutabréfa	17	20	21	20	23	24
Útgefendur skráðra skuldabréfa	60	60	57	65	50	57
Umboðsaðili erlendra greiðslustofnunar	1	1	1	2	4	4
Eignarhaldsfélög ⁵	10	11	9	6	6	5
Fjármálafyrirtæki í slitameðferð	11	2	2	1	0	0
Alls	386	387	406	406	395	391

1) Sjá ennfremur fjölda verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða neðar í töflunni.

2) Margir lífeyrissjóðir eru deildaskiptir. Að meðtöldum deildunum yrði fjöldatalan yfir lífeyrissjóðina u.þ.b. 50 hærri fyrir hvert ár sem taflan sýnir.

3) Sjóðir sem ekki eru lögaðilar en starfræktir af rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Sjá fjölda rekstrarfélaga ofar í töflunni. Nokkrir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir eru deildaskiptir og endurspeglast fjöldi deilda í tölunum í töflunni.

4) Viðskiptabankar og sparisjóðir. Allir einnig taldir í fjöldatölum ofar í töflunni nema erlendu vörsluaðilarnir.

5) Eignarhaldsfélög á fjármálasviði og vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög, skv. nánari skilgr. í l. nr. 161/2002 og l. nr. 56/2010. Um er að ræða virka hluthafa sem eiga meira en 50% í eftirlits-skyldum aðilum. Virkir hluthafar sem eiga á bilinu 10 - 50% eru ekki tilgreindir í töflunni.

2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi

Fjöldi í lok árs	2018	2019
Erlendir bankar (credit and financial institutions) án starfsstöðvar	279	297
Verðbréfasjóðir (UCITS) (fjöldi deilda í svíga)	122 (1.010)	105 (1.115)
Verðbréfafyrirtæki/-miðlarar (Investment firms)	2.523	2.598
Vátryggingafélög með starfsstöð	2	2
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	419	437
Erlendar greiðslustofnanir án starfsstöðvar	350	457
Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn	5.574	6.757
Erlendar greiðslustofnanir með umboðsaðila	2	4
Erlend rafeyrisfyrirtæki án starfsstöðvar	167	171
Erlend rafeyrisfyrirtæki með dreifingaraðila	1	3
Lánamiðlun	14	16
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða	122	177

Fjöldi félaga sem skráð eru utan Evrópu og hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi á grundvelli íslenskra laga

Fjöldi í lok árs	2018	2019
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða	35 (54)	38 (88)